

Sveinspróf í húsasmíði

Skriflegt próf – desember 2016

Nafn: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Staður : \_\_\_\_\_

**Prófið er 7 síður með forsíðunni.**  
Gangi þér vel. Sveinsprófsnefndin

## 1. Spurning (6%) -Sökkla

a) 2% Nefndu þrjú atriði sem þarf sérstaklega að aðgæta áður en steipt er í sökkla.

---

b) 2% Hvaða kröfu þarf botn fyrir undirstöður/sökkla að uppfylla til að hæð sökkla megi vera minni en 1,2 m.

---

c) 2 % Hver er lágmarks breidd undirstaða ? ( veggþykkt sökkla ).

---

## 2. Spurning (10%) - Útveggir

a) 6%. Teiknið þversnið í útvegg timburhúss. Í teikningu og eða lýsingu skal koma fram allt efni frá innbrún til útbrúnar fullkláraðs útveggs.

b) 2% Hvaða ráðstafanir skal gera þar sem útveggur úr timbri er festur við steiptan byggingarhluta ?

---

d) 2% Hvert er hlutverk loftunarbils í útveggjaglæðningu ?

---

### 3. Spurning (10%) – Stigar og handrið

- a) 2% Hvar á að setja ganglínu í stiga?  
\_\_\_\_\_
- b) 2% Hver er reglan fyrir skreflengd í stiga innanhúss?  
\_\_\_\_\_
- c) 2% Hvað má bil vera mest milli rimla í stigahandriði?  
\_\_\_\_\_
- d) 2% Hver er lágmarks breidd stiga í 2.ja hæða íbúðarhúsi, þar sem er ein íbúð?  
\_\_\_\_\_
- e) 2% Hvað má ganghæð stiga vera minnst?  
\_\_\_\_\_

### 4. Spurning (12%) – Festingar

- a) 2% Hvernig skrúfur eða naglar henta best til að festa venjulegt bárujárn á þak?  
\_\_\_\_\_
- b) 2% Festa skal áklæðningu utan á hús, hvernig skrúfur eða nagla skal nota?  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- c) 2% Klæða skal utan steinsteypt hús, hvaða festingar er rétt að nota á leiðara undir klæðningu?  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- d) 2% Þegar byggður er sólpallur, hvernig er best að festa bita við dregara?  
\_\_\_\_\_
- e) 2% Hvernig er best að festa gólfleiðara fyrir innvegg þar sem gólfhitalagnir eru í efribrún plötu?  
\_\_\_\_\_

f) 2% Ef byggja á vinnupall úr timbri hvað skal negla með mörgum nöglum og hve löngum annars vegar í langdregara og hins vegar í þverband undir langdregara í hverja stoð?

---

**5. Spurning (4%) – Persónuhlífar**

Nefnið 4 gerðir persónuhlífa sem notaðar eru á vinnustað.

---

**6. Spurning (4%) – Vinnupallar**

a) 2% Hver er eðlileg hæð milli palla í vinnupöllum?

---

b) 2% Hver er lágmarkshæð handriðs á vinnupöllum?

---

**7. Spurning (4%) – Rakastig**

a) 2% Hvað er æskilegt rakastig í timbri sem nota skal í glugga?

---

b) 2% Hvað er æskilegt rakastig í timbri sem nota skal í innréttingar?

---

**8. Spurning (4%) – Steypa**

a) 2% Hvað er V/S tala í steypu?

---

b) 2% Hvað er V/S tala í steypu?

---

**9. Spurning ( 4% ) - Gler.**

a) Hve margir burðarklossar skulu vera undir tvöföldu einangrunargleri sem er 100 X 100 sm. Og hvar skal staðsetja þá ?

---

b) Hver er hæfilegur munur á glermáli og falsmáli í glugga ? ( loftunarbíl )

---

**10. spurning ( 6% ) -Sveppir, mygla, einangrun.**

a) **2%** Nefndu tvær mögulegar ástæður fyrir því að sveppir myndast í loftakverk í íbúðarhúsi.

---

b) **2%** Þegar rakavarnarlag í þaki hefur skemmst.Hvaða áhrif getur það haft á einangrunina ?

---

c) **2%** Hverjar þurfa aðstæður að vera til að fúasveppur geti vaxið ?

---

**11. Spurning (8%) –**

a) **2%** Hvað er rakavarnarlag?

---

b) **2%** Hver er grundvallarreglan um staðsetningu rakavarnarlags?

---

c) **1%** Hvað er drenlögn og hvaða hlutverki þjónar hún?

---

d) **1%** Hvar skal staðsetja drenlögn?

---

e) **1%** Hvað er droparauf? Nefndu byggingarhluta þar sem rétt er að hafa droparauf.

---

f) **1%** Hvaða hlutverki þjónar dregari í undirslætti móta?

---

g) **1%** Þegar slegið er upp steypumótum með dokaplötum, hvað er hæfilegt að hafa uppistöðurnar þéttar miðað við vegg hæð 2,70 m?

---

- h) 1% Hver er munurinn á steinullareinangrun sem er annarsvegar notuð til einangrunar inni og hins vegar úti?
- 

## 12. Spurning (9 %) – Þakefni

### Þakflötur með 18° halla

- a) 2% Hve marga metra af borðaklæðningu (25mmx150mm) þarf á þakflöt sem er 700sm á lengd og 465 sm á breidd?
- 

- b) 2% Sperrur eru c/c 60sm. Negla skal hvert borð með 3 nöglum í hverja sperru. Hversu marga nagla þarf í klæðninguna?
- 

- c) 2% Setja skal pappa á þakið. Rúllubreidd 1,0m lengd 20m. Hversu margar rúllur þarf á þakið?
- 

## 13. spurning (18%) - Innveggir

Reisa skal innveggi samkvæmd meðfylgjandi teikningu. Veggirnir koma að steypu gólfi, lofti og veggjum. Hæð veggja 2,55m.

Lýsing:

Leiðarar 90 mm: Á gólf, loft og steypa veggi koma blikkleiðarar með filti, flestir með rekskrúfum 6x50 mm c/c 40 sm

Stoðir 90 mm: Blikkstoðir c/c 60 sm

Einangrun: 90 mm steinull í alla veggi.

Klæðning: 2x gips beggja vegna á alla veggi (plötustærð 120x260 sm)

Kítti: Kítta skal undir bæði gipslögin í kverkar við loft, gólf og veggi.

Hurðir: Hve margar hurðir opnast til hægri? Hve margar hurðir opnast til vinstri?

Hurðastærð 90x210sm. Hve stór þurfa dyraopin að vera?

Reikna skal efnismagn á veggina:

- a) 2% Leiðrarar \_\_\_\_\_ m.  
b) 2% Stoðir \_\_\_\_\_ m.  
c) 2% Rekskrúfur \_\_\_\_\_ stk.  
d) 2% Einangrun \_\_\_\_\_ m<sup>2</sup>  
e) 2% Gipsplötur \_\_\_\_\_ stk.  
f) 2% Kítti \_\_\_\_\_ m.  
g) 2% Opnun hurða hægri \_\_\_\_\_ stk.  
h) 2% Opnun hurða vinstri \_\_\_\_\_ stk.  
i) 2% Stærð dyraopa \_\_\_\_\_ sm.

